

Alþingi
Erindi nr. P 139/772
komudagur 7.12.2010

Reykjavík 6.12.2010

Heilbrigðisnefnd Alþingis,
b/t Þuríðar Backman formanns

Erindi: Umsögn áfengis- og vímuvarnaráðs um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 41/2007, um landlækni, með síðari breytingum, og um brottfall laga nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð, vegna stofnunar nýs embættis landlæknis og lýðheilsu.

Áfengis- og vímuvarnaráð, sem starfar skv. lögum um Lýðheilsustöð og eru fulltrúar ráðsins skipaðir af heilbrigðisráðherra, þakkar fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um ofangreint frumvarp.

Í 2.gr kemur fram að að yfirmaður nýs embættis skuli hafa sérmenntun í læknisfræði og telur áfengis- og vímuvarnaráð að slíkt geti takamarkað framboð á vel hæfu og menntuðu fólki til að gegna stöðu yfirmanns stofnunar sem ætlað er umfangmikið starf sem felur í sér bæði forvarnir, heilsueflingu og eftirlit með heilbrigðisþjónustu.

Samkvæmt 6.gr.b. í ofangreindu frumvarpi er lögð til breyting á fyrirkomulagi á hlutverki Forvarnasjóðs. Samkvæmt 7.gr. áfengis laga skal 1% af innheimtu áfengisgjaldi renna í Forvarnasjóð með þeim tilgangi að stuðla að forvörnum gegn áfengis- og fíkniefnaneyslu. Styrki skal veita úr sjóðnum til forvarnastarfs á þeim vettvangi. Þetta fyrirkomulag hefur verið eitt af lykilatriðum í þeim mikla árangri sem náðst hefur í forvörnum á Íslandi þar sem tíðni áfengisneyslu ungmenna hefur farið stíglækkandi ár frá ári. Þessi góði árangur sem náðst hefur er meðal annars vegna þess að frjáls félagasamtök og grastótaþópar sem eru með forvarnamál á sinni stefnuskrá hafa notið styrkja úr sjóðnum allt frá því hann var stofnaður. Óhætt er að fullyrða að þennan mikla árangur sem náðst hefur má þakka starfi þessara hópa. Ráðið telur því að fastur tekjustofn til áfengis- og vímuvarna sé grundvöllur fyrir áframhaldandi árangri á þessu sviði. Hugmyndin að lýðheilsusjóði er hluti af þróun forvarna- og heilsueflingarstarfs, en að áliti ráðsins ætti að tryggja í lögum að framlag til sjóðsins verði tryggt í það starf sem forvarnasjóður var stofnaður til, þ.e. til forvarnaverkefna tengd áfengis- og vímuefnaneyslu í samvinnu við stofnanir, frjáls félagasamtök grasrótasamtök. Þá er einnig mælt til þess að tryggt verði fjárhagslegt sjálfstæði forvarnaverkefna innan nýs embættis. Hætta gæti verið á að áherslum verði breytt þar sem frekari ákvæði um ráðstöfun úr lýðheilsusjóði er sett af ráðherra í reglugerð.

Það er álit ráðsins að við skipun fagraða sem rætt er um í 6.gr. skuli gætt að jafnræðis við tilnefningar milli frjálsra félagasamtaka og opinberra fagaðila. Er þetta hugsað til að viðhalda því ágæta og mikilvæga samstarfi sem verið hefur í forvarnamálum á Íslandi.

Með þessum tillögum sem lagðar eru fram um breytingu á Lýðheilsumálum á Íslandi telur ráðið að fluga þurfi vel hvort forvarnasjóður og þá jafnframt tóbaksvarnasjóður ættu að halda því hlutverki og fyrirkomulagi sem til þeirra var stofnað um að styðja við og samhæfa forvarnastarf á sviði áfengis- vímu- og tóbaksvarna í samstarfi við frjáls félagasamtök og opinbera aðila.

Áfengis- og vímuvarnaráð og verkefnastjórar forvarna hjá Lýðheilsustöð óska eftir því að fá að koma fyrir heilbrigðisnefnd Alþingis til að ræða þetta mál.

Þetta er álit áfengis- og vímuvarnaráðs en einn ráðsmaður Matthías Halldórsson leggur til að frumvarpið verði óbreytt.

Virðingarfyllst,

f.h. Áfengis- og vímuvarnaráðs

Sæmundur Runólfsson, formaður